

Skólaráðsfundur

16. apríl 2026 kl. 8:15

Mættir: Hilmar Egill Sveinbjörnsson skólastjóri, Kristín Hulda Halldórsdóttir og Jóhanna Lovísa Jóhannsdóttir fulltrúar kennara, Kristín Eva Harðardóttir og Katrín Huld Káradóttir fulltrúi foreldra.

1. Valgreinar á unglिंगastigi

Farið yfir hvaða valgreinar muni standa unglिंगastiginu til boða á næsta skólaár. Skipulagið er enn í vinnslu er að taka á sig lokamynd. Kajakkennsla verður aftur á boðstólnum, aftur verður boðið uppá spænsku, skákkennsla verður í boði ásamt fjölda valgreina í list- og verkgreinum.

2. Skipulag í maí, vorsýning o.fl.

Farið yfir helstu dagsetningar í vor. Fyrstu viku í maí verða tveir þemadagar sem helgaðir verða almyrkvanum þann 12. ágúst og UNESCO. Sömu daga verða próf á unglिंगastigi í íslensku, stærðfræði, náttúrufræði og ensku. Í annari viku maí verður hefðbundinn hreinsunardagur þar sem bekkir skipta Vogunum og nærumhverfi á milli sín og tína upp rusl. Sama dag eftir hádegi verður kappleikur á milli 10. bekkjar og starfsfólks. Vorsýning skólans verður á uppstigningardag. Sú hugmynd kom fram að bjóða útskriftarárgangi leikskóla sérstaklega á vorsýninguna. Í lok maí koma franskir og ítalskir nemendur í Erasmussamstarfinu í Vogana og gista hjá fjölskyldum. Vordagar nemenda halda sér fyrir skólaslit sem verða 8. júní.

3. Næsta skólaár

Nemendafjöldi hefur haldist nánast óbreyttur í vetur þrátt fyrir fjölgun íbúa í samfélaginu. Stækkun skólans er á teikniborðinu hjá sveitarfélaginu. Fyrirhugaðar framkvæmdir í sumar snúa aðallega að viðhaldi. Auglýsingar eftir kennurum eru í loftinu og verður farið í viðtöl og mögulegar ráðningar fljótlega.

4. Önnur mál

- Rætt um viðburði sem foreldrafélagið hyggst bjóða uppá á vorsýningu skólans.
- Rætt um frístund og skort á úrræðum þar þá sérstaklega varðandi útisvæði.

Fundi slitið kl. 9:20
Fundarstjórn og fundarritun: Hilmar Egill